



## Stjórnarfundur UÍA

**Haldinn í fjarfundi, þriðjudagur 30.03.2021 kl: 17:00**

Mætt eru Gunnar Gunnarsson, Gunnar Gunnarsson, Benedikt Jónsson, Ester Sigurðardóttir, Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir og Þórunn María Þorgrímsdóttir.

### Dagskrá

- **Fundargerð síðasta fundar**
- **Sambandsþing UÍA**
- **Önnur mál.**

### Fundargerð síðasta fundar stjórnar

Samþykkt samhljóða

### Sambandsþing UÍA

Vegna samkomutakmarkana er ljóst að ekki er hægt að hafa þingið í húsi á þeirri dagsetningu sem búið var að setja þingið á þann 17. apríl.

Þingið í fyrra var rafrænt og gekk það fínt. UMFÍ sá um tæknimálin á því þingi.

Ákveðið er að halda dagsetningunni á sambandsþinginu en færa það yfir á rafrænt form. Dagskráin mun þá hefjast kl. 10:00 og gert er ráð fyrir að það standi í tæpa tvo tíma. Gunnar mun kanna með það hjá UMFÍ hvort að þeir tekið tæknimálin að sér.

Stefnumótunarfundur með UMFÍ verður miðvikudaginn 21.04 kl. 18:00 – 20:00 og verður sá fundur rafrænn.

Stjórnarmyndun – Benedikt býður sig fram sem formann og Þórunn María mun bjóða sig fram gjaldkera embættið. Þá vantar tvo meðstjórnendur í stjórnina og verið er að vinna í því.

Tilnefningar til Hermannsbikars og íþróttamanns UÍA eru lagðar fram til kynningar og verður kosið um þetta á næsta fundi.

## Önnur mál

Búið er að fresta Írlandsverkefninu á þessu ári vegna óvissu um Covid.

Lagður var fram Saldólisti varðandi uppgjöri og eru nefndarmenn beðnir um að kíkja á hann. Ef þeir sjá eitthvað athugasemjulegt þá hafa þeir samband við framkvæmdarstjórnann.

Umræða um áhrif samkomutakmarkana á æfingar íþróttafélaganna á Austurlandi.

Næsti fundur verður haldinn í fjarfundi þann 12.04. kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 17:51

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir